



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði
4. nóvember 2023 kl. 13:00.**

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Breyting á deiliskipulagi Skriðuklaustur – Valþjófsstaður.

Lagður fyrir uppdráttur frá Landmótun ehf. um breytingu á fyrirbyggjandi deiliskipulagi fyrir Skriðuklaustur og Valþjófsstað frá 2008. Byggingar- og skipulagsnefnd telur þessa breytingu óverulega og samþykkir hana fyrir sitt leyti og vísar málinu til sveitarstjórnar til afgreiðslu og eftir atvikum samþykktar.

2. Afmörkun nýrra lóða í landi Brekkugerðishúsa og Hamborgar.

Sótt er um afmörkun 1440 m² lóðar undir skemmubyggingu austan Upphéraðsvegar nr.931 í landi Brekkugerðishúsa. Einnig sótt um afmörkun tveggja lóða í landi Hamborgar, annars vegar 13.161 m² lóðar sem Árni Jón Þórðarson landeigandi tekur frá til eigin nota og hins vegar 19,37 ha lóð sem Fljótsdalshreppur tekur á leigu undir fyrirhugaðan byggðakjarna. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti afmörkun þessara lóða og vísar erindinu sbr. 5. og 6. gr í Jaðalögum 81/2004 og 48. gr. í Skipulagslögum 123/2010 til samþykktar í sveitarstjórn.

3. Sturluflöt . Virkjun bæjarlæksins fyrir heimilisrafstöð.

Sveinn Ingimarsson ábúandi á Sturluflöt leggur fram afstöðumynd af stöðvarhúsi, lagnaleið og stíflu heimarafstöðvar í bæjarlæknum og óskar eftir viðeigandi heimild til framkvæmda. Við inntakið er grjóttífla en fallpípan er 250 mm að ytra þvermáli, 650 m að lengd og fallhæð 150 m. Áætlað afl virkjunarinnar er 60 kW. Fallpípan verður lögð ofaná jafnað yfirborð lagnaleiðar og fyllt yfir með jarðvegi. Túrbína og rafall verða í 12 m² gámi sem að litlu leyti verður niðurgrafinn og festur á niðurgrafna stauraundirstöðu. Byggingar- og skipulagsnefnd telur rétt að gefið verði út byggingarleyfi fyrir stöðvarhúsi og þeim búnaði sem þar er aðfengnum fullnægjandi uppráttum ásamt skráningartöflu. Framkvæmdaleyfi verði hins vegar gefið út vegna framkvæmda við gerð inntaksstíflu og lagningu aðveitulagnar.

4. Önnur mál.

Lagt fyrir minnisblað frá Smára um hugsanlegar nafngiftir á götum í nýju deiliskipulagi. Byggingar- og skipulagsnefnd treystir sér ekki til að taka afstöðu til nafna á götur í væntanlegu deiliskipulagi og vísar málinu til sveitarstjórnar til frekari umfjöllunar og afgreiðslu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 14:00

Sign: Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir
Fundarritari: Sveinn Þórarinsson.